

Sp.

125. Tillaga til þingsályktunar

um sérstaka talsímaþjónustu í verstöðvum landsins vegna slysavarna.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma á fót í sambandi við starfrækslu landssímans sérstakri slysavarnaþjónustu í verstöðvum landsins á aðalver-tíðum utan hins ákveðna talsímaþjónustutíma, sem er á hverjum stað fyrir sig, þannig að þar, sem því verður við komið, sé hlustað á talstöðvar fiskibátanna á öllum tímum sólarhringsins, og að séð verði fyrir því, ef þörf krefur vegna slysavarna, að unnt sé að ná í sínasamband við Reykjavík hvaða tíma dags eða nætur, sem er.

Á s t æ ð u r .

Það liggur í augum uppi, að svo mikilsverð ráðstöfun til öryggis sem talstöðvar bátanna eru kemur því aðeins að notum, að tryggt sé, að á þær sé hlustað úr landi, og er hér gert ráð fyrir, að það sé gert í sambandi við starfrækslu landssímans, eftir þeim reglum, er um það kunna að vera settar, meðan hver talsímastöð fyrir sig er opin hvern dag.

Reynslan hefur svo leitt hitt í ljós, að utan hins reglulega starfstíma stöðvanna er engu minni þörf á því, að hlustað sé eftir bátatalstöðvunum, og hefur þetta leitt til þess í stærstu verstöð landsins, Vestmannaeyjum, að á fót hefur verið komið þjónustu utan stöðvartímans, sams konar og í þessari þáttillögu er farið fram á, að gert verði yfirleitt í verstöðvunum.

Var þetta fyrst gert frá miðjum febrúarmán. 1943 og til loka maímánaðar s. á. Hefur kostnaðurinn verið borinn uppi að nokkru leyti af Landssímanum og að nokkru leyti af Vestmannaeyjum sjálfum. Er hinn sérstaki símavörður að starfi á þeim stað frá kl. 9 að kvöldi til kl. 8 að morgni. Eftir því hefur verið leitað, að Landssíminn kostaði einn þessa vörzlu, en hann hefur færzt undan því og telur að visu álitamál, hvort kostnaðurinn eigi að berast uppi af símafé eða slysavarnafé, en þó sé hið síðara ekki ósanngjarnt, þar eð tekjur þær, er síminn hefur af slíkum störfum, eru sem engar.

Landssíminn heldur því fram og með réttu, að hér sé nær eingöngu um slysavarnaráðstöfun að ræða og rétt sé, að Alþingi og ríkisstjórn taki ákvörðun um tilhögun hennar og um það, hvort síminn sjálfur beri kostnaðinn eða hann sé veittur með sérstakri fjárveitingu til slysavarna eða á annan hátt.

Hér er um mikilvæga öryggisráðstöfun að ræða, sem er nauðsynleg í sambandi við talstöðvar bátanna í hvaða veiðistöð, sem er. Hún hefur reynzt mjög vel í Vestmannaeyjum, og mundi það líka verða annars staðar, þar sem líkt er ástatt.

Hér er því farið fram á það, að þessari sérstöku símaþjónustu vegna slysavarna verði komið á í verstöðvum landsins yfirleitt og henni haldið uppi þá tíma árs, sem brýnust er nauðsynin, en hana teljum við vera á þeim tímum, sem sjór er mest sóttur, eða á aðalvertíðum hvarvetna.

Þá er enn fremur fram á það farið í tillögu þessari, að allar verstöðvar eigi aðgang að því að ná símasambandi við Reykjavík, þegar þörf krefur vegna slysavarna. Það er vitanlegt, að nú um hrið hefur það verið og verður víst framvegis einnig síður að leita aðstoðar Slysavarnafélags Íslands til hjálpar bátum í neyð, einkum frá þeim stöðvum, þar sem ekki er neitt björgunarskip við höndina, og að aðalstöðvar Slysavarnafélagsins eru í Reykjavík, er líka fullkunnugt.

Þess vegna er það einkum áriðandi, að unnt sé að ná til Reykjavíkur tafarlaust frá hvaða verstöð, sem er, þegar leita þarf aðstoðar handa bátunum.

Í stærstu verstöðvunum, t. d. Vestmannaeyjum, Akranesi og Keflavík, hefur afgreiðslutími símastöðvanna að visu verið lengdur frá því, sem upphaflega var ákveðið, og er þar afgreitt sums staðar til kl. 10 að kvöldi og sums staðar til miðnættis. En þetta mun ekki gilda fyrir hinar smærri stöðvar, og yfirleitt er það ófullnægjandi. jafnvel þótt haldið sé opnu til miðnættis. Gera þarf alls staðar ráðstafanir til þess, að boðum til Slysavarnafélagsins megi koma, hvenær sem er sólarhringsins, með aðstoð símans.

Nánar mun vikið að máli þessu í framsögu.